

49 Staðfesting konungs á „Skipulagsskrá fyrir Póstmannasjóð“, útgefin á
29. maí venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. maí 1923.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Póstmannasjóð.

1. gr.

Stofnfje þessa sjóðs, sem heitir Póstmannasjóður, er peningar, sem fengist hafa fyrir seld frímerki af íslenskum póstávísunum og nú eru orðnir 10000 krónur.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstól hans.
2. Andvirði seldra frímerkja af íslenskum póstávísunum.
3. Tillög, sjá 5. gr.
4. Gjafir og annað fje, sem sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Fje sjóðsins skal geyma í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Af tekjum sjóðsins, sem taldar eru í 1.—3. lið 2. greinar skal:

1. helmingur af vöxtunum árlega leggjast við höfuðstólim,
2. greiða nauðsynleg gjöld sjóðsins,
3. því, sem þá verður eftir, varið til styrktar póstmönnum, sem hafa póststörf fyrir aðalatvinnu.

Ef fjárhæð sú, sem á að úthluta, verður eitthvert ár mjög há, getur stjórn sjóðsins geymt nokkuð af henni til úthlutunar næstu ár á eftir.

Tekjur þær, sem taldar eru í 4. lið 2. greinar, leggjast við höfuðstólinn, ef ekki eru um þær tekjur önnur ákvæði, t. d. gjöf gefin sjóðnum með öðrum skilyrðum.

5. gr.

49
29. maí

Allir póstmenn, sem hafa póststörf fyrir aðalatvinnu, greiða árlega til-
lag til sjóðsins, 5 kr. hver, enda sje það skilyrði fyrir því, að umsókn um
styrkveiting úr sjóðnum, geti komið til greina.

Stjórn sjóðsins ákveður árlega, hverjir póstmenn samkvæmt 4. gr. eigi
kost á, að greiða tillög til sjóðsins það ár og tilkynnir þeim það.

6. gr.

Sjóðnum stjórnna þrjú menn, aðalpóstmeistari og 2 póstmenn búsettir
í Reykjavík.

Í fyrsta skifti kýs til bráðabirgða Póstmannafélagið þessa 2 menn. En
jafnskjótt sem þessi bráðabirgðarstjórn hefir ákveðið, hverjir greiði árstíllög til
sjóðsins, skulu tillagsgreiðendur kjósa þessa 2 menn í stjórnina og sömuleiðis
2 varamenn og 2 endurskoðunarmenn, sem allir fara frá eftir 3 ár. Skulu þá á
sama hátt kosnir 2 menn í stjórnina, 2 varamenn og 2 endurskoðunarmenn, og
síðan á hverjum þriggja ára fresti.

Stjórnin ræður tilhögun á kosningunum. Varamennirnir koma í stað aðal-
mannanna, þegar þeir eru forfallaðir eða persónulega riðnir við mál, sem stjórn-
in á að leiða til lykta.

Stjórnin innheimtir og ábyrgist tekjur sjóðsins, semur reglur um styrk-
veiting úr honum, ákveður þær og úthlutar þeim, semur árlega reikning yfir
tekjur og gjöld sjóðsins og framkvæmir annað, er að stjórn og hag hans lýtur.

Stjórnin hlutast til um, að reikningur sjóðsins verði birtur árlega í Lög-
birtingablaðinu.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Póststjórnin, Reykjavík, 6. febrúar 1923.

S. Briem.